

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, Austurgata 11-13.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015 frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun lóðarinnar Austurgata 11-13 verði breytt úr stofn-  
anasvæði í íbúðarsvæði og reitur merktur S17 verði felldur út.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. febrúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016, Heiðarbrún.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Stokkseyrar 1996-2016 frá 7. október 1996.

Breytingin felst í að opið óbyggt svæði sem liggur norðan við austurenda Löngudælar verður breytt í svæði fyrir íbúðarbyggð

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar sveitarfélagsins Árborgar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. febrúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015, Urriðaholt.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 1995-2015 frá 17. nóvember 1997.

Breytingin felst í breyttri landnotkun vegna áforma um hátæknigarð í Urriðaholti.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. febrúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016, Langholtsvegur 115.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1996-2016 frá 18. ágúst 1997.

Breytingin felst í því að landnotkun á lóð nr. 115 við Langholtsveg er breytt úr athafnasvæði í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. febrúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Kjalarness 1990-2010, skíðasvæðið í Skálafelli.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 20. febrúar 2002 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kjalarness 1990-2010 frá 1. júní 1990.

Breytingin felst í því að opið svæði til sérstakra nota, merkt U6 vetraríþróttir, stækkar úr um 300 ha í um 612 ha.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki borgarráðs Reykjavíkur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 20. febrúar 2002.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*